

Byggðaráð Múlapings - 64 (25.10.2022) - Vegna Þórshamar Hafnargata 25 og Strandavegur 29-33 Seyðisfirði

Málsnúmer : 202209225
Málsaðili : Gíslína Hrefna Magnúsdóttir
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 25.10.2022

Inngangur :
Niðurstaða : Sveitarstjóri gerði grein fyrir samskiptum við sérfræðinga Eflu og Veðurstofunnar varðandi mögulega afléttingu kvaðar varðandi endurbyggingu Hafnargötu 25, Þórshamars, á Seyðisfirði.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Að höfðu samráði við sérfræðinga Eflu og Veðurstofu leggur Byggðaráð Múlapings til að sveitarstjórn samþykki að heimiluð verði endurbygging Hafnargötu 25, Þórshamars, á Seyðisfirði í samræmi við gildandi skipulagsákvæði.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.